



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar haldinn á Hvanneyri 30.október 2024 klukkan 16:30

Mætt voru:

Fulltrúar foreldra: Arnaldur Gunnarsson á Teams, Jónína Svavarsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Anna S Hauksdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Lára Kristín Gísladóttir á Teams

Fulltrúar nemenda: Baldur Karl Andrason, Sesselja Narfadóttir á Teams

Ingibjörg Adda Konráðsdótti aðstoðarskólastjóri stýrði fundi og bauð gesti velkomna.

1. Skólaupphaf: Ingibjörg Adda fór yfir hvernig skólastarfið fór af stað. Breytingar á mönnun frá því í vor. Ráðningu ÍSAT-kennara og afleysingarkennara auk stuðningsfulltrúa sem er í afleysingum. Náms-og starfsráðgjafi sem verið hefur í verktöku við skólann hefur hætt störfum og verður starfið auglýst bráðlega. Einnig greindi hún frá gangi mála í framkvæmdum á Varmalandi en þær eru á áætlun og mun leikskólinn Hraunborg flytja að Varmalandi í byrjun nóvember. Á Kleppjársreykjum er búið að steypa plötuna og verið að ganga frá lögnum á meðan beðið er eftir einingunum sem vonandi verður ekki löng bið. Þar er mjög þröngt um nemendur og búið að fá einn gaminn enn svo hægt se að skipta nemendunum upp í minni hópa svo þokkalegt sé. Umræður um þrengsli og hve misjafnlega nemendur ná að höndla aðstæður.
2. Farið yfir starfsáætlun skólans, en hún var send fundarmönnum fyrir fundinn. Nokkrar athugasemdir voru gerðar og verða þær lagfærðar. Nýtt innramats-kerfi BravoLesson kynnt. Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla voru sendar með fundarboðinu og teljast því hafa verið kynntar fyrir skólaráði. Í tengslum við sjálfsmatsskýrslunua voru niðurstöður lesfimiþrófa ræddar.

3. Önnur mál. Rætt um fyrirkomulag söngvarakeppninnar, vorferð og skíðaferð.
Ingibjörg greindi frá því að unglíngastigið mun taka þátt í Nordplus verkefni næstu tvo vetur.

Fleira ekki skráð og fundi slitið.

Ingibjörg Adda ritaði fundargerð